

**100. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-
18,
5. mars 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varafirmaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir aðalmaður, Heiða B. Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Sylvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Jón Hjörvar Valgarðsson áheyrnarfulltrúi ungmenna, Ingunn Ríkharðsdóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1811221 - Tillaga ungmennráðs um samráðshóp

Tillaga skóla- og frístundaráðs um skipan og inntak starfshóps um mótnum framtíðarstefnu um vettvang fyrir ungt fólk.

Heiðrún Janusardóttir og Jón Hjörvar Valgarðsson sitja fundinn undir þessum lið.

Tillaga um fulltrúa í starfshópinn samþykkt.

2. 1808057 - Starfshópur um framtíðarþörf á leikskólaplássum á Akranesi

Áfangaskil starfshóps um framtíðarþörf á leikskólaplássum á Akranesi.

Heiða B. Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskóla, Sylvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla, Ingunn Ríkharðsdóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Vilborg Valgeirsþóttir aðstoðarleikskólastjóri sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar fulltrúum starfshópsins fyrir greinagóða kynningu.

3. 1902095 - Starfshópur um framtíðarskipulag mótneytismála

Bæjarráð samþykkti að fela skóla- og frístundaráði að móta tillögu um stofnun starfshóps um framtíðarskipulag mótneytismála.

Umræðu vísað til næsta fundar.

4. 1902154 - Vinna ungmenna á skemmtunum

Erindi frá Brúnni vegna vinnu ungmenna á skemmtunum.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir erindið og tekur undir ábendingar Brúarinnar. Sviðsstjóra falið að senda ábyrgðarmönnum áskorun um að virða aldurstakmörk þeirra sem starfa á skemmtunum.

5. 1811069 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs- vor 2019

Yfirferð og úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs vor 2019.

Tillaga samþykkt og vísað til bæjarráðs.



6. 1811222 - Samstarf við FVA- húsnæðismál

Kynning á stöðu mála varðandi samstarf um nýtingu á húsnæði FVA.

Áframhaldandi umræðu vísað til næsta fundar og óskað eftir því að gögn frá rýnifundum, skólastjórum og kostnaðartölur verði lagðar fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Bára Þáðadóttir
Sandra M. Sigurjónsdóttir.
Ragnar Sæmundsson